

REGLUGERÐ

um happdrætti háskóla Íslands, samkv. lögum nr. 44, 19. júní 1933,
um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

1. gr.

Happdrætti háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu háskóla Íslands. Heimili þess, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn happdrættis háskólans er í höndum þriggja manna nefndar, sem háskólaráð kýs til þess í lok hvers árs fyrir næsta ár á eftir. Stjórnarnefndin kýs sjálf formann sinn og skiptir á annan hátt störfum sín á milli. Nefndin heldur fundi, eftir því sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi. Ályktanir nefndarinnar eru lögmætar, ef meiri hluti nefndarmanna er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Þóknun nefndarmanna ákveður háskólaráð.

3. gr.

Stjórnarnefnd ræður sér til aðstoðar framkvæmdarstjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á.

4. gr.

Til þess að skuldbinda happdrætti háskólans þarf undirskrift formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra. Þó nægir undirskrift framkvæmdarstjóra eins til þess að ávísanir á inneign happdrættisins í banka sé gildar.

5. gr.

Háskólaráðið kýs árlega 2 endurskoðendur, til þess að endurskoða reikninga happdrættisins. Þóknun þeirra er ákveðin af háskólaráði. Reikningsár happdrættis háskólans er almanaksárið.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar árlega fimm manna happdrættisráð, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera lögfræðingar. Ráðuneytið skipar formann happdrættisráðsins, en ritara kýs það sjálft. Fundi heldur það, eftir því sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti fundarmanna er viðstaddur, enda sé a. m. k. tveir lögfræðingar á fundi, ef úrskurða á samkvæmt 15. gr. Ályktanir happdrættisráðsins eru lögmætar, ef meiri hluti þess er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Formaður fær 600 króna þóknun árlega og aðrir í happdrættisráðinu 400 kr. hver.

7. gr.

118

26. sept.

Stjórn happdrættisins skal, þegar ársreikningar eru tilbúnir og endurskoðaðir, senda happdrættisráði þá til athugunar, og skal jafnframt gefa því skýrslu um starfsemi happdrættisins á síðastliðnu reikningsári. Happdrættisráð hefir, hvenær sem er, aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og er stjórnarnefnd og starfsmenn skyldir að veita því þá vitneskju um starfsemina, er þeir geta veitt og það óskar að fá. Verði happdrættisráð þess vart, að ákvæði laga nr. 44, 19. júní 1933, eða reglugerðar þessarar sé brotin, skal það þegar í stað tilkynna það fjármálaráðuneytinu. Happdrættisráðið hefir eftirlit með og úrskurðarvald um dráttu, eins og segir í 13. og 15. gr.

8. gr.

Happdrættið gefur út á hverju ári 25000 hluti í 10 flokkum. Vinningar í öllum 10 flokkum samanlögðum skulu vera 5000 og að upphæð samtals kr. 1 050 000,00.

9. gr.

Gefnir eru út heilir, hálfir og fjórðungs hlutamiðar, og verður eiganda hálfsmiða greiddur helmingur og fjórðungsmiða fjórðungur þeirrar fjárhæðar, sem unnizt hefir á miðann. Á hvern hlutamiða er prentuð tala (númer) frá 1 til 25000; auk þess eru hálfu miðarnir merktir A eða B, en fjórðungsmiðarnir A, B, C eða D. Heilir hlutamiðar eru bláir að lit, hálfir miðar gulir og fjórðungsmiðar rauðir. Á hvern miða skal prenta nöfn formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra happdrættisins, en umboðsmaður happdrættisins, sem selt hefir miðann, skal rita á hann nafn sitt og heimilisfang. Ef menn kaupa hlutamiða, sem gildir fyrir alla drætti á sama ári (ársmiða), skal prenta aftan á miðann athugasemd þess efnis, og skal hún undirrituð með sama hætti. Enginn miði er gildur fyrr en umboðsmaður happdrættisins hefir ritað á hann nafn sitt, eins og áður segir.

10. gr.

Verð heilla miða er 6 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 3 kr. og fjórðungsmiða 1 kr. 50 a. Fyrir ársmiða skal greiða 60 kr. fyrir heilan miða o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefir áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 60 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sent í pósti.

118

26. sept.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema umboðsmenn þess, er fá miðana beint frá skrifstofu happdrættisins, og er öll önnur verzlun með miðana bönnuð, að viðlögðum sektum, allt að 200 kr.

11. gr.

12. gr.
Endurnýjun hlutamiða til næsta dráttar skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefir ritað nafn sitt á miðann, og innan þess frests, sem greinir á miðanum. Um leið skal afhenda umboðsmanninum hlutamiða næsta flokks á undan.

Ef hlutamiði næsta flokks á undan hefir glatazt, getur eigandi hans sótt skriflega um það til stjórnar happdrættisins, að fá miðann endurnýjaðan, þó því aðeins, að umboðsmaður happdrættisins votti samkvæmt hlutabók sinni, að hann hafi átt miðann og enginn annar hafi beiðzt endurnýjunar á honum, áður en fresturinn var liðinn. Fyrir endurnýjunarbeiðni skal greiða 1 kr.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því, að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem greinir á hlutamiðum 10. fl., og afhenda honum þann miða, þó því aðeins að umboðsmaður hafi fengið það númer aftur frá skrifstofu happdrættisins.

Ef viðskiptamaður beiðist endurnýjunar á hlutamiða, hvort sem er milli flokka eða milli 10. fl. og 1. fl. næsta árs, áður en endurnýjunarfrestur er liðinn, en umboðsmaður hefir glatað miðanum eða afhendir hann ekki af öðrum ástæðum, er hann skyldur til að afhenda viðskiptamanni án endurgjalds og á eiginn kostnað nýjan miða og standa happdrættinu skil á andvirði þess miða í öllum flokkum, sem þegar hefir verið dregið í. Ef umboðsmaður hefir ekki fleiri miða, skal hann endurgreiða viðskiptamanni á sinn kostnað verð miðans í öllum flokkum á undan.

13. gr.

Daginn áður en draga skal í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 25000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 25000. Miðunum skal áður raðað á þar til gerð borð, svo að auðvelt sé að finna hvaða tölu sem vill. Miðarnir eru látnir í stokkinn að viðstöddu happdrættisráðinu. Enn fremur skal, daginn áður en dregið er í hverjum flokki, leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti.

Í hverjum drætti eru dregnir jafnmargir miðar úr hlutastokknum sem vinningar eru í vinningastokknum, þannig að um leið og miði er dreginn úr vinningastokknum, sem segir til, hversu hár vinningurinn er, er annar dreginn úr hlutastokknum, sem segir til, hvaða hlutamiði hefir hlotið vinninginn.

Daginn áður en dráttur fer fram skal í viðurvist eftirlitsnefndar leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

Eftir hvern drátt lætur happdrættið án tafar prenta skrá um vinningana, **118**
 hvaða hlutamiðar hafi hlotið vinning og hve háan. Skráin skal send öllum um- 26. sept.
 boðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

14. gr.

Um vinninga í 1. fl. skal dregið 10. marz ár hvert og síðan í hverjum flokki
 10. hvers mánaðar og loks í 10. fl. 10. og 11. des. Ef dráttardag ber upp á helgi-
 dag, skal dregið næsta virkan dag.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmati eða gildi dráttanna, meðan dráttur fer fram
 eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til úrskurðar happdrættisráðs.

16. gr.

Vinningar verða greiddir á þeim tíma, sem auglýstur er í vinningaskránni,
 á skrifstofu happdrættisins í Reykjavík, eða þar sem auglýst kann að verða í
 vinningaskránni.

Sá, sem vinning hefir hlotið, skal snúa sér til þess umboðsmanns happdrættis-
 ins, sem hefir ritað undir miðann, og skal umboðsmaðurinn rita aftan á mið-
 ann vottorð um, að hann hafi hlotið vinning og hve háan. Vinningurinn verður
 síðan greiddur gegn afhendingu hlutamiðans, og losnar happdrættið með því und-
 an frekari greiðsluskyldu, þó að aðrir kynnu síðar að sanna betra rétt til vinn-
 ingins.

Ef mótmæli koma fram gegn greiðslu vinningsins til handhafa hlutamið-
 ans, áður en greiðsla vinninganna hefst samkvæmt vinningaskránni, skal happ-
 drættið leggja vinninginn í sparisjóð og afhenda síðan með áföllnum vöxtum
 þeim, sem með dómi eða á annan hátt sannar eignarrétt sinn á vinningnum. Ef
 aðiljar hafa ekki innan þriggja mánaða frá því að mótmæli komu fram, komið
 sér saman um greiðslu vinningsins, greiðir happdrættið handhafa miðans vinn-
 inginn með áföllnum vöxtum, nema sannað sé fyrir stjórn happdrættisins, að mál
 sé þingfest um eignarrétt vinningsins.

Ef miði glatast, sem hlotið hefir vinning, getur eigandi hans snúið sér til
 happdrættisstjórnar með beiðni um að fá vinninginn greiddan, enda votti um-
 boðsmaður sá, sem seldi miðann, samkvæmt hlutabók sinni, að umsækjandi
 hafi keypt af honum miðann. Ekki verður slíkri beiðni sinnt, ef hún er ekki
 komin í hendur happdrættisstjórnar innan 6 mánaða frá því að dregið var, enda
 hafi vinningurinn ekki verið greiddur gegn afhendingu miðans áður en beiðnin
 kom fram. Slíkri beiðni skal fylgja 1 kr. gjald.

17. gr.

Allir vinningar verða greiddir án nokkurs frádráttar, þó þannig, að sá, sem
 vinning hlýtur, er skyldur til þess að kaupa hlut jafnstóran (heilan, hálfan eða
 fjórðung) í öllum þeim flokkum, sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlut-

118 arins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á árs-
26. sept. miða, verður ekki um neinn frádrátt að ræða.

Sá, sem hlýtur vinning í 10. flokki, skal þó skyldur til þess að kaupa hlut jafnstóran hinum, sem hann vann á, í 1. flokki næsta árs, og skal kaupverðið dregið frá vinningnum.

Samkvæmt lögum um stofnun happdrættis fyrir Ísland skal ekki taka til lit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár sem vinningarnir falla.

Umboðsmönnum er bannað að svara fyrirspurnum, hvort heldur eru frá almannastofnunum eða öðrum, um eigendur vinninga í happdrættinu, og skal beina öllum slíkum fyrirspurnum til stjórnar happdrættisins.

18. gr.

Ef vinnings er ekki vitjað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá drætti þess flokks, sem vinningurinn féll í, verður hann eign happdrættisins.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.